



Alþingi

Erindi nr. Þ 118 / 296

komudagur 2 / 12 1994
Hornafirði, 28.11. 1994


Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur
Þórshamri v/Templarasund

Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu kom saman til fundar þann 24. nóv. sl. og hafði til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla. Þar sem menntamálanefnd Alþingis hafði óskað eftir umsögn skólanefndarinnar með bréfi dags. 10. nóv. sl. þá skal tekið fram að talsverðar umræður urðu um málið. Eftirfarandi ályktun var að lokum samþykkt á fundinum:

"Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er sammála þeirri þrískiptingu sem fram kemur í frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Með þeirri skiptingu er stigið skref til að koma íslenska framhaldsskólanum úr þeim ógöngum sem hann er í.

Skólanefnd leggur jafnframt áherslu á að tilvist Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu verði tryggð með framkvæmd laganna. Einungis með því að starfrækja öflugan framhaldsskóla í sýslunni næst markmið laganna "að öllum nemendum sem lokið hafa grunnskólanámi skuli tryggður aðgangur að námi í framhaldsskóla".

F. h. skólanefndar,



Zophonias Torfason skólameistari.